

Fyrirspurn um lýðræðisstefnu Garðabæjar

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 5. desember 2019 lagði bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir, fram eftirfarandi fyrirspurn.

Hvernig hefur lýðræðisstefnan verið framkvæmd?

Svar:

Í anda lýðræðisstefnu Garðabæjar hefur verið lögð áhersla á að miðla upplýsingum um starfsemi bæjarins og málefni á vefsíðu bæjarins og samfélagsmiðlum, s.s. facebook síðu Garðabæjar. Með því er verið að tryggja að bæjarbúar hafi ávallt sem bestar upplýsingar um allt sem varðar hagsmuni þeirra sem íbúa bæjarins. Um leið gefur það íbúum tækifæri til að hafa upplýsingar um með hvaða hætti þeir geta haft áhrif og aðgang að þátttöku í ákvörðunartöku í málum í þeim tilgangi að auka gæði þjónustu bæjarins og efla lífsgæði og samheldni bæjarbúa. Á vef Garðabæjar geta íbúar einnig farið inn á íbúa- og þjónustugáttina, Minn Garðabær, þar sem þeir geta sent inn erindi og umsóknir rafrænt. Inni á Mínunum Garðabæ geta íbúar sem og aðrir viðskiptavinir séð stöðu á umsóknum sínum og er það liður í því að bæta þjónustu sem og að gagnsæi og rekjanleiki sé tryggður í stjórnsýslunni.

Undanfarin ár hefur verið leitað til bæjarbúa um að senda inn ábendingar og tillögur í tengslum við fjárhagsáætlunargerð á haustin. Haustið 2019 var auk hefðbundins ábendingaforms á vef Garðabæjar um fjárhagsáætlun einnig opnuð samráðsgátt þar sem íbúar gátu sett inn hugmyndir, ábendingar og tillögur og sett þar inn rök og athugasemdir við hugmyndir. Allar ábendingar íbúa um fjárhagsáætlunargerð hafa verið lagðar fyrir bæjarráð og þegar fjárhagsáætlun liggur fyrir hafa svör verið útbúin við öllum ábendingum og birt á vef Garðabæjar.

Þá hafa verið haldnir fjölmargir íbúafundir um skipulagsmál, nágrennavörslu, fjárhagsáætlun, rekstrarúttekt o.fl. til að leita eftir skoðunum bæjarbúa um ýmis málefni og íbúar hafa þar haft tækifæri til að viðra sjónarmið sín og hafa áhrif á stöðu og framvindu mála. Nefndir og starfshópar bæjarins hafa auk þess staðið að ýmsum opnum hugarflæðisfundum á undanförunum árum þar sem til umræðu hafa m.a. verið uppbygging fjölnota menningar- og fræðahúss, málþing um menningarmál, skólalþing, málþing um íþróttir og um umhverfismál.

Einnig eru reglulega fundir með forsvarsmönnum félagasamtaka í Garðabæ sem eru með samstarfssamninga við bæinn t.d. á vettvangi íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar eða menningar- og safnanefndar Garðabæjar þar sem upplýsingum er miðlað og fram koma áherslur og ábendingar frá félögunum.

Leik- og grunnskólar Garðabæjar eru einnig í stöðugu sambandi við foreldra og forráðamenn nemenda, m.a. með foreldrafundum. Leikskólar Garðabæjar halda árlega opin hús á vorin þar sem foreldrum/forráðamönnum sem og almenningi gefst kostur á að koma í heimsókn. Grunnskólar hafa einnig verið með opin hús, m.a. í tengslum við kynningar á skólum við innritun nýrra skólabarna. Tvisvar á ári eru samráðsfundir í grunnskólum með foreldrum og

nemendum þar sem rætt er um námsframvindu og fleira. Samráðsfundir með Grunnstoð Garðabæjar og stjórnendum á fræðslusviði eru haldnir reglulega eða um tvisvar á ári. Í anda skólafestu Garðabæjar er unnið að því að gera nemendalýðræði virkt og í þeim tilgangi eru haldin skólaping innan grunnskólanna og samtalsfundir nemenda og stjórnenda.

Garðabær tekur árlega þátt í þjónustukönnun Gallup þar sem spurt er um viðhorf íbúa til þjónustu sveitarfélaga. Niðurstöðurnar eru birtar á vef Garðabæjar. Áhersla hefur verið lögð á að rýna þær niðurstöður hverju sinni með það fyrir augum hvernig hægt er að bæta þjónustu í einstaka þáttum. Árið 2017 var m.a. farið í vinnu með rýnihópum til að öðlast dýpri skilning á upplifun ólíkra hópa fólks af þjónustu Garðabæjar, þar sem íbúar tóku þátt í umræðum um m.a. þjónustu við barnafjölskyldur, þjónustu við eldri borgara og þjónustu við fatlað fólk.

Einnig hafa ýmsar smærri þjónustukannanir verið settar á vef Garðabæjar sem og stofnana þar sem t.d. hefur verið óskað eftir álitum íbúa til tiltekinna þjónustubátta, s.s. bókasafns.

Vorið 2019 var farið af stað með lýðræðisverkefnið „Betri Garðabæ“ þar sem íbúar Garðabæjar og aðrir gátu lagt fram hugmyndir að smærri verkefnum í sínu nærumhverfi. Rafrænar íbúakosningar „Betri Garðabæjar“ fóru fram síðari hluta vors 2019. Áhersla var lögð á að lýðræðisverkefnið „Betri Garðabæ“ væri þróunarverkefni sem yrði þróað áfram út frá reynslu, ábendingum og þátttöku.

Hvenær var síðast haldið námskeið fyrir bæjarfulltrúa og nefndarmenn? Ekki síðan við vorum kjörinn fulltrúar amk.

Svar:

Í upphafi kjörtímabils var á vegum bæjarins haldið námskeið fyrir bæjarfulltrúa þar sem farið var yfir helstu atriði varðandi starfshætti bæjarstjórnar og nefnda. Jafnframt var kynning á fundargáttinni/fundargerðarkerfi en þar birtast fundarboð bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda og í gáttinni eru vistuð fundargögn þeirra mála sem eru til meðferðar á fundum.

Haldið var námskeið með bæjarfulltrúum um fjárhagsáætlun o.fl. sem var á vegum KPMG, sem eru endurskoðendur bæjarins.

Samband ísl. sveitarfélaga hélt námskeið í upphafi kjörtímabils fyrir sveitarstjórnarmenn. Á námskeiðinu er farið yfir hlutverk sveitarstjórnarmanna, fjármál sveitarfélaga, stjórnþæki sveitarstjórnar, réttindi, skyldur og ábyrgð sveitarstjórnarmanna o.fl.

Hvernig er staðið að þjálfun starfsmanna sem starfa með nefndum?

Svar:

Starfsmenn sem starfa með nefndum hafa fengið kynningu hjá starfsmönnum á fjármála- og stjórnsýslusviði á þeim reglum og venjum sem gilda um starfshætti nefnda.